

STÆR1FA05

Kennsluáætlun

Viðfangsefni áfangans:

Unnið verður með grunnþætti stærðfræðinnar og áhersla lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á undirstöðuatriðum. Farið verður yfir forgangsröð aðgerða, brotareikning, bókstafareikning (algebru) og jöfnureikning. Jafnframt verður lagður grunnur að vönduðum vinnubrögðum í stærðfræði.

Námsgögn:

- **UPP Á PUNKT** – höfundur: Kjartan Heiðberg. Útgefandi: Iðnú, 2009.
- Annað efni í samráði við kennara
- Vasareiknir og rúðustrikuð vinnubók

Námsmat:

| | |
|------------------|-----|
| Ástundun | 10% |
| Vandvirkni | 10% |
| Tímaverkefni | 10% |
| Stöðupróf á önn | 20% |
| Próf í lok annar | 50% |

Til að kanna vandvirkni í námi verður vinnubók skoðuð sérstaklega tvisvar á önninni, í 39. viku og 44. viku. Lögð verða fyrir stöðupróf á önninni í lok hvers kafla og gildir meðaleinkunn þeirra 20% af lokaeinkunn.

Lokaprófið gildir 50% og verður prófað úr öllu námsefninu á prófatíma í lok annar.

Nemandi sem uppfyllir að meðaltali 65% af námsmarkmiðum annarinnar hefur möguleika á því að sleppa lokaprófi. Þá reiknast lokaeinkunn í áfanganum þannig: Meðaleinkunn úr stöðuprófum gildir 70%, meðaleinkunn úr tímaverkefnum gildir 10%, vinnubókareinkunn gildir 10% og ástundun gildir 10%.

Ábending frá kennurum:

Fjarvera úr tíma lengur en 10 mínútur jafngildir fjarvist úr kennslustund. Árangur næst aðeins ef nemandi mætir vel og stundvíslega í kennslustundir og stundar námið af alvöru.

Ef nemandi mætir í kennslustund án tilskilinna kennslugagna eða veldur truflun þá er kennara heimilt að vísa honum úr tíma og skrá fjarvist á hann.

Notkun á fartölvum og snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennarans.

Yfirferðaráætlun:

| Vika | Efni |
|-------|-----------------------------|
| 33-35 | Aðgerðirnar 4 |
| 36-37 | Röð aðgerða |
| 38-40 | Almenn brot |
| 41-44 | Bókstafaeikningur / algebra |
| 45-47 | Jöfnur |
| 48 | Upprifjun |

Þeir nemendur sem treysta sér til að fara hratt og vel yfir efni bókarinnar eiga möguleika á því að ljúka áfanganum STÆR1GS05 í samráði við kennara.

Ath. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar á önninni.

F.Su 16. ágúst 2016

Gangi þér vel á önninni!

Kennarar: Ingvar Bjarnason (IB), Kjartan Ólason (KÓ), Kristjana Sigríður Skúladóttir (KSS) og Ólafur Bjarnason (ÓB).